

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 14. stjórnarfundar, haldinn 11. apríl. 2024 í Reykjastræti 6 kl. 14:15-15:50.

Mætt voru: Óskar Józefsson, Hermann Hermannsson, Örn Viðar Skúlason og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Aron Kári Ágústsson sat einnig fundinn og Þórólfur Jónsson undir lið 5 gegnum fjarfundabúnað.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð 13. fundar

Fundargerð 13. fundar samþykkt.

2. Almenn viðmið við úrvinnslu umsókna

Á fundinum fór framkvæmdastjóri yfir þá greiningu og flokkun á umsóknum sem hefur farið fram af hálfu félagsins og liggur fyrir. Alls hafa borist 666 umsóknir.

3. Tillaga framkvæmdstjóra um kaup fasteigna

Á fundinum voru kynntar tillögur framkvæmdstjóra um kaup á fjórum fasteignum. Um er að ræða veðbandalausar eignir. Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laga um kaupin væru uppfyllt og leiddi sú skoðun í ljós að svo væri. Um er að ræða fyrstu eignir sem félagið kaupir og munu þau kaup verða notuð til að láta reyna á hvort allt umsókna- og samþykktarferli félagsins og rafrænt þinglýsingarkerfi virki eins og til er ætlast.

4. Áform um frekari kaup fasteigna næstu daga

Ákveðið að halda áfram með ákvarðanir um kaup á eignum skv. sömu aðferðafræði næstu daga. Framkvæmdastjóri mun boða til næstu funda um yfirferð og ákvarðanir umsókna.

5. Staðan í frágangi sambankaláns og samskipti við lánastofnanir


ÞJ fór yfir stöðu mála við frágang á nauðsynlegum skjölum vegna samkomulags um aðkomu lánveitenda.

6. Önnur mál

Framkvæmdastjóri greindi frá því að félagið hefði keypt þrjú lén fyrir starfsemina; torkatla.is, þórkatla.is og þorkatla.is.

Næsti stjórnarfundur verður föstudaginn 12. apríl kl. 12:00 í Borgartúni 26.

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 15:50.



Guðrún Þorleifsdóttir